

Þorskeldi ehf.  
Hömrúm 12  
765 Djúpivogur

Akureyri, 12. júní 2020  
UST202003-296/G.S.Á.  
08.12.02

### Efni: Lokunareftirlit 2020 - Þorskeldi - Fáskrúðsfjörður

Þann 15. maí sl. fór fram lokunareftirlit í fiskeldisstöð Þorskeldis, Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfest er að engin starfsemi er hjá rekstraraðila á þessu starfsleyfi. Engin ábending var sett fram við lokaskoðun en eitt frávik kom fram við er varðar að staðfestingu á því að búið sé að fjarlægja kvíahringi sem enn eru á starfsvæði rekstraraðila hefur ekki borist eftirlitsaðila. Frestur til þess að senda inn tilkynningu þess efnis ásamt ljósmyndum til staðfestingar er gefinn til 10. júlí nk. í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018.

Virðingarfyllt

*G. Stella Arnadóttir*  
Guðbjörg Stella Arnadóttir  
sérfræðingur

*Hulda S. Jónasdóttir*  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Þorskeldi ehf. Fáskrúðsfirði



|                     |                    |                         |                            |
|---------------------|--------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits      | 15.5.2020          | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki           | Þorskeldi ehf.     | Eftirlitsmaður          | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili             | Hömrum 12          | Tegund eftirlits        | Lokunareftirlit            |
| Kennitala           | 451103-3420        | Flokkur                 | Fiskeldi                   |
| Fulltrúi fyrirtækis | Elís H. Grétarsson | ÍSAT nr.                |                            |
| Fulltrúi fyrirtækis |                    | Staðsetning             |                            |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 27. maí 2020 en hefur rekstraraðili óskað eftir niðurfellingu starfsleyfis með umsókn þess efnis frá 8. maí sl. og er þetta því lokaftirlit starfsleyfisins.

Engar eldiskvíar hafa verið í rekstri hjá fyrirtækinu á svæðinu frá síðasta eftirliti, þann 10. október 2018. Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Í starfsleyfinu er heimild til eldis á allt að 200 tonnum af þorski árlega, í áframeldi. Rekstraraðili hefur leyfi til útsetningu kvía á einni staðsetningu í Fáskrúðsfirði og koma hnit hennar fram í starfsleyfi.

N 64°54, 910 og V 14°00, 100, syðra megin í firðinum á móts við bræðsluna.

Litið var yfir kvíastæði fiskeldisins þann 15. maí sl. í ágætu veðri og skyggni var gott. Tveir kvíahringir voru til staðar á svæðinu en nokkuð sunnar en hnit starfsleyfisins gefa upp. Fulltrúi fyrirtækisins staðfesti í símtali þann 4. maí sl. að enginn fiskur er í kvíunum og engin starfsemi hefur verið í gangi á staðnum, á vegum fyrirtækisins, frá síðasta eftirliti árið 2018. Í símtali við rekstraraðila þann 26. maí sl. kom fram að verið er að bíða eftir aðilum til að fjarlægja kvíahringina og verður það gert innan tveggja vikna. Mun rekstraraðili senda eftirlitsaðila myndir að verki loknu, því til staðfestingar.

Við útgáfu lokaskýrslu þann 12. júní sl., hefur eftirlitsaðila enn ekki borist staðfesting á því að kvíahringir hafi verið fjarlægðir og verður því fylgt eftir með skráðu frávik.

Staðfest er að engin starfsemi er hjá rekstraraðila á þessu starfsleyfi en kvíahringir eru enn úti. Engar ábendingar komu fram við lokaskoðun.

### Frávik frá

### Lýsing á frávik

Ákvæðum og gildistíma starfsleyfis

Ekki hefur borist staðfesting á því að búið sé að fjarlægja kvíahringi sem enn eru úti á vegum rekstraraðila.

## ÁBENDINGAR

Engin ábending kom fram í eftirlitinu.

## ANNAD

Starfsleyfið er innan marka stærðarákvæðis fyrir skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi og er því ekki krafa um skil á þeim upplýsingum til eftirlitsaðila.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.06.2020

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir

bls. 4